

greiði gjald eftir almennum reglum. Það teljast sjálfstæð hljóðvarpsnot, ef hljóðvarp er tengt með línu til vistarvera starfsmanna þessara frá viðtæki í eigu stofnunarinnar.

## 3. gr.

26. gr. orðist svo:

Gjalddagar afnotagjalda Ríkisútvarpsins eru 1. mars og 1. september. Ríkisútvarpinu skal heimilt að fjölga gjalddögum í fjóra.

## 4. gr.

27. gr. orðist svo:

Nú hefur gjaldandi ekki greitt afnotagjald innan 21 dags frá gjalddaga þess, og leggst þá við gjaldið 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu og annar kostnaður af vanskilum.

Dráttarvextir reiknast mánaðarlega frá og með næstu mánaðamótum eftir eindaga.

## 5. gr.

28. gr. orðist svo:

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á sjónvarps-/hljóðvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu. Lækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins vegna tímabundinnar innsíglunar viðtækis er því aðeins veitt að innsíglun vari í þrjá mánuði hið skemmsta.

## 6. gr.

30.—35. gr. verða framvegis 29.—34. gr.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.*

**Ingvar Gíslason.**

***Birgir Thorlacius.***

## AUGLÝSING

### um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarps fyrir síðari helming árs 1980 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í lit . . . . .	kr. 41 200
Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu —	32 800
Hljóðvarpsgjald . . . . .	— 10 700

*Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

***Runólfur Þórarinnsson.***